



**HAFNARFJÖRÐUR**



**VINNUMÁLA  
STOFNUN**

**Vinnumálastofnun  
Kringlunni 1, 103 Reykjavík  
f.h. Atvinnuleysistryggingasjóðs  
kt. 430169-3949**

**og**

**Hafnarfjarðarbær**

**gera með sér svohljóðandi**

### **Samning um ráðning með styrk**

á grundvelli laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerðar nr. 918/2020, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um greiðslu styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

#### **1. gr.**

##### **Markmið og gildissvið**

Markmið samnings þessa er að draga úr atvinnuleysi og bjóða atvinnuleitendum störf við hæfi til sex mánaða hjá Hafnarfjarðarbæ á öruggan og skilvirkan hátt með ráðningarstyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði skv. b-lið 12. gr. laga nr. 55/2006, 9. og 11. gr. og ákvæði til bráðabrigða I-IV reglugerðar nr. 918/2020.

Lögð skal áhersla á að Hafnarfjarðarbær veiti einstaklingsmiðuð starfstengd úrræði og miðli atvinnuleitendum sem koma frá Vinnumálastofnun í störf á fag- og kjarnasviðum Hafnarfjarðarbæjar út frá menntun, starfsreynslu og áhuga. Skal leitast við að leggja sérstaka áherslu á viðkvæma hópa svo sem langtímaatvinnulausa (12 mánuðir eða lengur á atvinnuleysisskrá), atvinnuleitendur með skerta starfsgetu og atvinnuleitendur sem ekki tala íslensku.

#### **2. gr.**

##### **Skipan samráðshóps**

Samningsaðilar skulu mynda samráðshóp með einum fulltrúa Vinnumálastofnunar og einum fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Samráðshópurinn sem hittist reglulega, mótar verklag og heldur utan framkvæmd og árangur verkefnisins.

#### **3. gr.**

##### **Hlutverk Vinnumálastofnunar**

Vinnumálastofnun tekur við skráðu starfi frá Hafnarfjarðarbæ í gegnum „Mínar síður“ á vefsíðu Vinnumálastofnunar, vmst.is. Ráðgjafar stofnunarinnar sjá um að miðla atvinnuleitendum sem uppfylla skilyrði ráðningarstyrks skv. 9. og 11. reglugerðar 918/2020 í starf skv. starfslýsingu. Starf er einnig eftir atvikum auglýst á Mínunum síðum atvinnuleitenda á vmst.is þar sem atvinnuleitendur sem uppfylla skilyrði geta sótt með beinum hætti um starf.

Ráðgjafi Vinnumálastofnunar skráir samninginn í kerfi stofnunarinnar.

Ítarlegri útfærslu má finna í samkomulagi um verklag, sjá viðauka 1.

#### **4. gr.**

##### **Hlutverk Hafnarfjarðarbæjar**

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar skrá starf í gegnum „Mínar síður“ á vefsíðu Vinnumálastofnunar, vmst.is. Sérstakur tengiliður er skráður á hvert starf sem fer yfir umsóknir/ferilskrár eða eftir atvikum miðlar þeim til annarra deilda/sviða innan Hafnarfjarðarbæjar.

Tengiliður ber ábyrgð á láta Vinnumálastofnun vita af ráðningu og senda ráðningarsamning viðkomandi atvinnuleitanda.

Ítarlegri útfærslu má finna í samkomulagi um verklag, sjá viðauka 1.

#### **5. gr.**

##### **Uppgjör og greiðslur**

Hafnarfjarðarbær sendir reikninga mánaðarlega með rafrænum hætti til Atvinnuleysisstryggingasjóðs, kt. 430169-3949. Á reikningi skal koma fram nafn og kt. viðkomandi atvinnuleitanda ásamt tímabili samnings um ráðningarstyrk.

Ítarlegri útfærslu má finna í samkomulagi um verklag, sjá viðauka 1.

#### **6. gr.**

##### **Þagnarskylda**

Samningsaðilar og starfsfólk þeirra skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagnarskyldu um einkahagsmuni þeirra atvinnuleitenda sem þeir fá vitneskju um á grundvelli þessa samnings og leynt skuli fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

#### **7. gr.**

##### **Gildistími**

Samningur þessi er tímabundinn og gildir til 31. Desember 2022. Á samningstímanum er samningurinn uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Jafnframt skal samningurinn koma til endurskoðunar á samningstímanum ef nauðsyn ber til, t.d. ef breytingar verða á lögum eða reglugerðum.

#### **8. gr.**

##### **Ágreiningsmál**

Dómsmál milli aðila í tengslum við samning þennan skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **9. gr.**

##### **Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

**Reykjavík, XX. XX. 2021**

F.h. Vinnumálastofnunar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

---

---